



Starfsáætlun Djúpavogsskóla 2022 -2023

Hugrekki – Virðing - Samvinna

Djúpavogsskóli

Vörðu 6

Sími: 4708710

thorbjorg.sandholt@mulathing.is

Efnisyfirlit

Formáli	4
1.0 Framtíðarsýn	4
2.0 Stefnumiðuð vinna og innra mat	5
2.1 Skólafélag Djúpavogshrepps.....	5
2.2 Áætlun um umbætur og þróunarstarf	6
3.0 Stjórnskipan og starfsfólk.....	9
3.1 Starfsfólk Djúpavogsskóla 2022 – 2023	10
4.0 Áherslur í skólastarfinu	10
5.0 Símenntunaráætlun	13
6.0 Almennar upplýsingar	13
6.1 Dagsskipulag grunnskólans	13
6.2 Skóladagatal	14
Frístund - Lengd viðvera.....	14
Heimanám.....	14
Húsnæði – skólalóð	15
Móttaka nýrra nemenda.....	15
Mötuneyti – nesti.....	15
Skólaakstur.....	15
Reiðhjól	15
Fatnaður – skór og óskilamunir	16
Skólabækur – námsgögn	16
Skólabókasafn/héraðsbókasafn	16
Veikindi – forföll - leyfi	16
Viðbrögð við óveðri.....	16
Útivistartími	17
Heimsóknir í skólann.....	17
7.0 Skólareglur	18
Um skólareglur	18
Óæskileg hegðun.....	19
Skýr mörk – óásættanleg hegðun	19
Viðbrögð þegar farið er yfir skýru mörkin	19
Skólasókn og leyfisveitingar:.....	20
Hlutverk foreldra.....	20
8.0 Tilhögun kennslu	20

Bekkjarskipan	20
Teymiskennsla.....	20
Útfærsla Djúpavogsskóla á viðmiðunarstundaskrá	21
Valgreinar.....	21
Kennsluáætlanir	21
Forföll kennara.....	21
Mentor.is.....	22
Samræmd próf	22
Námsmat.....	22
Samskiptadagar.....	22
Teams.....	22
Tónlistarskóli Djúpavogs	22
9.0 Ráð og nefndir.....	23
Fræðslunefnd	23
Skólaráð.....	23
Austurlandsteymið/Nemendaverndarráð	24
Félagsþjónusta Múlapings	24
Stoðþjónusta Djúpavogsskóla	24
Nemendafélag.....	24
Skólaskrifstofa Múlapings	25
Skólahjúkrunarfræðingur.....	25
Áfallaráð-viðbrögð við áföllum	25
Meðferð eineltismála.....	25
Jafnréttisáætlun	26
Rýmingar- og eldvarnaráætlun	26
10.0 Samstarf og nærumhverfi	26
Samstarf leik- og grunnskóla.....	26
Foreldrafélagið.....	26
Ungmennafélagið Neisti.....	26
Samstarf grunn- og tónskólans og Hótel Framtíðar	26
11.0 Hefðir og venjur í Djúpavogsskóla	27

Formáli

Stefnu og verklag skólans á að birta með tvennum hætti. Annars vegar skal birta almenna stefnumörkun í skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans, og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Upplýsingar sem eiga heima í starfsáætlun skólans er að finna í þessu skjali og er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Í árlegri starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 kennsludögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið.

1.0 Framtíðarsýn

Framtíðarsýn skólans byggir á skólastefnu sveitarfélagsins og stefnumótandi vinnu skólaárið 2022-2023. Það er sýn starfsmanna skólans að árið 2023 verði skólinn:

- Þekktur fyrir að vinna eftir hugmyndafræði Cittaslow.
- Þekktur fyrir framsækna og faglega kennslu.
- Þekktur fyrir áherslur á hæglæti/heilsueflingu/núvitund/velferðarkennslu.
- Þekktur fyrir ánægju nemenda, foreldra og starfsfólks.
- Þekktur fyrir virkni og nýsköpun.
- Þekktur fyrir samstarf og tengingu við atvinnulíf og menningarstarf.
- Þekktur fyrir list- og verkgreinar og skapandi starf.

Unnið er eftir skólastefnu fyrrum Djúpavogshrepps sem gildir til 2023, auk áherslna í menntamálum í sameinaða sveitarfélaginu Múlaþing.

Til 2023 mun starfsfólk Djúpavogsskóla vinna að því að byggja upp framsækna og faglega kennslu í skólanum. Leggja áherslu á velferðarkennslu og núvitund. Vinna eftir hugmyndafræði Cittaslow og festa hana í sessi með því að flétta viðmiðum Cittaslow inn í greinanámsskrá skólans og vinna þvert á greinar. Áhersla verður lögð á nýsköpun, list- og verkgreinar og að virkja allt skólasamfélagið og efla. Einnig verður áhersla á að efla samstarf milli heimilis og skóla og samfélagstengingu.

Djúpavogsskóli leggur metnað sinn í að vinna vel með foreldrum og nemendum þannig að sú samvinna leiði til ánægju allra sem mynda skólasamfélagið.

Djúpavogsskóli á að vera eftirsóttur vinnustaður og stefnt er að því að í skólanum starfi lausnamiðaðir einstaklingar sem styðjast við fjölbreyttar leiðir í kennslu og nýta sér nýjustu tækni í vinnu sinni.

2.0 Stefnumiðuð vinna og innra mat

2.1 Skólastefna Djúpavogshrepps

Núverandi skólastefna Djúpavogsskóla gildir til 2023 og var unnin af þáverandi sveitarstjórn í gamla Djúpavogshreppi. Í október 2020 sameinast Djúpavogshreppur inn í sveitarfélagið Múlaping og þá verður Djúpavogsskóli einn af fleiri skólum Múlaping. Skólastefna Djúpavogsskóla tekur því einnig mið af skólastefnu í Múlaping. Stefna skólans skilgreinir fimm flokka meginmarkmiða til að vinna að í skólastarfi sveitarfélagsins og eru flokkarnir eftirfarandi:

- **Cittaslow** – *vinna ákveðið með cittaslow til festa hæglætisstefnuna betur í sessi í samfélaginu.*
- **Mannauður** - *Styðja við menntun starfsfólks og nýta mannauðinn vel*
- **Nám/kennsla** - *Námið sé þroskandi og við hæfi hvers og eins*
- **Umhverfi og samfélag** – *Mikilvægi samstarfs heimilis og skóla ásamt því að taka tillit til umhverfisþátta og náttúru í skólastarfinu*
- **Skólaþróun** – *svigrúm til að þróast m.t.t. aðstöðu, kennsluhátta og skipulags í takt við nútímann*

Kennsluhættir Djúpavogsskóla taka mið af skólastefnu sveitarfélagsins sem má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Á skólaárinu verður unnið eftir verkáætlun 2019–2023 varðandi innra mat, þróun og áherslupætti í skólastarfinu. Unnið verður að því að styrkja þær stoðir sem eru í skólastefnu sveitarfélagsins og skólans.

Stefna skólans og áherslur er leidd af stjórnendum og lögð er áhersla á að virkja raddir sem flestra í skólasamfélaginu, m.a. með skólaþingi.

Skólaárið 2022-2023 verður áfram unnið að því að festa í sessi teymiskennslu en innleiðing á henni hófst skólaárið 2020-2021. Að sama skapi verða greinanámskrár skólans notaðar við undirbúning á kennslu og námsmat, en greinanámskrár skólans er lifandi plagg sem er stöðugt í þróun. Skólinn mun taka þátt í sameiginlegu þróunarverkefni skóla í Múlapingi um leiðsagnarnám sem stýrt er af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Einnig verður unnið eftir þeirri verkáætlun sem lögð er fyrir í skólastefnu sveitarfélagsins til ársins 2023. Áfram verður unnið eftir hugmyndafræði um Byrjendalæsi og Uppeldi til ábyrgðar.

Fyrsta skólaþing Djúpavogsskóla var haldið í maí 2022 og það er stefna skólans að halda slíkt skólaþing á hverju ári. Með því fær allt skólasamfélagið tækifæri til að taka þátt í að móta skólastarfið.

2.2 Áætlun um umbætur og þróunarstarf

Hér er sett fram áætlun um umbóta- og þróunarstarf í Djúpavogsskóla til ársins 2023. Þessi áætlun er þó endurskoðuð á hverju skólaári og uppfærð.

Upplýsingar sem nýttar eru í umbætur og þróunarstarf er aflað með fjölbreyttum hætti s.s.

- Ytra mat
- Skólaþing
- Skólapúls

Niðurstöður m.a. birtar í sjálfsmatsskýrslur skólans, á heimasíðu og fréttabréfi skólustjóra. Skólapúls er lagður fyrir sem hér segir:

- Nemendur í 2.-5.bekkur október 2022
- Starfsfólk mars 2023
- Nemendur 6.-10.bekk apríl 2023

Áhersla á innra mat skólans á skólaárinu 2022-2023

Stjórnun og fagleg forysta	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Auglýsa eftir starfsfólki og styðja við starfsfólk í námi	Lokið	Lokið
Uppfæra nýja heimasíðu með öllum helstu upplýsingum	Í vinnslu	Í vinnslu
Útbúa verklag um hvernig gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í námi og kennslu	Í vinnslu	Í vinnslu
Útbúa verklag um hvernig kennarar gera skólustjórnanda grein fyrir því hvernig þeir auka gæði náms og kennslu	Í vinnslu	Í vinnslu
Setja niður tíma fyrir stjórnendur að fylgjast með kennslu og veita endurgjöf	Í vinnslu	Í vinnslu
Gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvörðunum um þróun og skipulag skólustarfs	Skólaþing / Vikufréttir	Skólaþing / rýnihópar/ Vikufréttir
Virk þátttaka skólaráðs til samræðu og ákvarðatöku, t.d. í tengslum við innra mat og umbótaáætlun skólans.	Í vinnslu	Fundir 2x á önn
Fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar	Í vinnslu	Í vinnslu
Samskiptvandi milli starfsmanna og leiðir til úrlausnar	Í vinnslu	Mannauðsstefna Múlaþings - Mannauðsstjóri
Móta verklag fyrir nemendur sem sitja í nefndum/ráðum	Í vinnslu	Lokið

Nám og kennsla	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Samfella milli leikskóla og grunnskóla	Brúum bilið verkefni	Brúum bilið verkefni
Áframhaldandi vinna með UMF Neista	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Auka kennslu í verklegum greinum	Í vinnslu	Búið að auka við á þessu skólaári, stöðug vinna
Upplýsingatækni og lífsleikni í netheimum	Í vinnslu	Í vinnslu, aukin áhersla á vorönn
Standa vörð um íslensku og móðurmál	Stöðug vinna	Stöðug vinna Móðurmálskennsla á pólsku
Unnið eftir Byrjendalæsisáætlun	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Innleiðing uppeldis til ábyrgðar	Uppeldi til ábyrgðar nefnd	Uppeldi til ábyrgðar nefnd/formlegur tengiliður við verkefnið
Efla verkgreinakenndu í samvinnu við atvinnulíf og samfélag	Ógert	Starfsval/samstarf við listasafn
Efla áthagafræðslu (grenndarnám)	Lokið	Í vinnslu í samfélagsfræði

Stærðfræðistefna Djúpavogsskóla	Í vinnslu	Í vinnslu / Skapandi stærðfræði
Bættur námsárangur á Austurlandi	Lokið	
Auka ánægju af lestri og efla lesfimi	Stöðug vinna	Stöðug vinna, unnið að lestrarstefnu.
Auka þrautseigju í námi	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Efla áhuga á stærðfræði	Í vinnslu	Skapandi stærðfræði
Efla trú á eigin námsgetu og vinnubrögð	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Fjölbreyttari kennsluaðferðir með áherslu á virkni og þátttöku nemenda	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Fjölbreyttari námsmatsaðferðir	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Efla leiðsagnarmat	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Sníða heimanám eftir þörfum nemenda og heimila	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Nýta Mentor betur í kennslu	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Efla samráð og samvinnu um kennslu	Teymiskennsla	Teymiskennsla
Efla samvinnu og samstarf nemenda í námi	Stöðug vinna	Stöðug vinna Leiðsagnarnám
Val á unglingsstigi uppfylli viðmið aðalnámskrár	Lokið	Lokið
Tengja vinnu með grunnþætti og lykilhæfni menntunar í greinanámskrá og kennsluáætlanir	Í vinnslu	Í vinnslu
Tengsl séu á milli markmiða og nám og kennslu hverju sinni	Í vinnslu	Leiðsagnarnám
Skoða kosti og galla mismunandi tímabelta	Lokið	Breytingar gerðar
Auðvelda nýtingu og aðgengi kennara að tækjakosti	Í vinnslu	Í vinnslu/samvinnuverkefni skóla í Múlaþingi
Kynna nemendum markmið náms og tengsl hæfniviðmiða og matsviðmiða við námsmat	Í vinnslu	Leiðsagnarnám

Innra mat	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Formgera innra mat með fjölbreyttum gagnaöflunarleiðum; eigindlegum og megindlegum	Ógert	Í Vinnslu - matsnefnd
Nýta markvisst niðurstöður og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og úrbætur	Ógert	Í vinnslu - matsnefnd
Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati	Ógert	Bíður næsta árs
Vinna ítarlega umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig/hvenær á að meta umbætur	Ógert	Í vinnslu
Unnið eftir niðurstöðum sjálfsmats fyrri ára	Í vinnslu	Í vinnslu
Skólapúls lagður fyrir nemendur í 2.-5. bekk	Apríl 2022	Október 2022
Skólapúls lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	Apríl 2022	Apríl 2023
Skólapúls lagður fyrir foreldra	Apríl 2022	Apríl 2024
Skólapúls lagður fyrir starfsfólk	Apríl 2021	mars 2023
Skólapúls kynntur fyrir hagsmunaaðilum	Í vinnslu	Í vinnslu, lokið í janúar 2023

Velferð nemenda	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Fræðsla gegn einelti	Í vinnslu	Í vinnslu
Sjálfstraust og líðan nemenda. Samsömun við nemendahópinn	Í vinnslu	Í vinnslu
Stuðla að því að nemendur borði hollari mat	Í vinnslu	Heilsueflandi grunnskóli og þátttaka í Evrópuverkefni
Fræðsla um heilbrigða notkun rafrænna miðla, tölvuleikja og síma.	ógert	Heilsueflandi grunnskóli
Efla forvarnarumræðu í samvinnu við foreldrafélag	Stöðug vinna	Stöðug vinna, tengiliður

		frá skólanum í forvarnarteymi sveitarfélagsins
Stefna um velferð og öryggi	Ógert	Áætlun um félagslegt öryggi á vinnustað tilbúin
Efla sjálfstraust nemenda	Í vinnslu	Leiðsagnarnám – fræðsla, Leiðtoganámskeið nemenda
Draga úr kvíða og streitu	Í vinnslu	Cittaslow – Fræðsla, endurskoðun stundarskrár

Innleiðing Cittaslow	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Cittaslow hugmyndafræðinni fléttað inn í faggreinanámsskrá skólans	Í vinnslu	Í vinnslu
Úrgang skal flokka og endurvinna	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Efla umferðaröryggi, skapa aðlaðandi útivistarsvæði	Í vinnslu	Í vinnslu
Hvatning til handa staðbundinni framleiðslu á afurðum	Ógert	Í vinnslu
Stuðla að notkun lífræns og staðbundins hráefnis í matargerð	Ógert	Mötuneyti
Auka vægi Cittaslow í skólastarfi	Stöðug vinna	Stöðug vinna

Umhverfi og samfélag	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Grenndarnám, náttúra og umhverfi skipi stóran sess í skólastarfi og sérstaða umhverfisins markvisst nýtt í kennslu	Stöðug vinna	Stöðug vinna, starfsval, markvisst grenndarnám í samfélagsfræði
Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Áætlun um samstarf heimila og skóla	Í vinnslu	Skólaþing
Hönnun skólalóðar	Í vinnslu	Í vinnslu
Efla starfið í lengdri viðveru	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Efla ánægju með máltíðir í mötuneyti	Í vinnslu	Heilsueflandi grunnskóli - Cittaslow

Húsnæðismál	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Heildstæð stefna um nýtingu skólamannvirkja	Stöðug vinna	Stöðug vinna
Betra aðgengi fyrir fatlaða í skólanum	Í vinnslu	Mannvirkjastjóri Múlaþings – í Vinnslu
Bæta þarf vinnuaðstaðu kennara og nemenda	Stöðug vinna	Bætt vinnuaðstaða kennara og námsver


Eftirfylgni og endurskoðun skjala	2021-2022	2022-2023
Verkþættir		
Læsisstefna Djúpavogsskóla	Í vinnslu	Í vinnslu
Skólanámsskrá endurskrifuð	Í vinnslu	Í vinnslu

Starfsáætlun endurskrifuð	Lokið	Lokið
Jafnréttisáætlun uppfærð	Jafnréttisáætlun Múlaþings	Jafnréttisáætlun Múlaþings
Rýmingaráætlun uppfærð	Lokið	Í vinnslu
Skólareglur yfirfarnar, kynntar og uppfærðar í samráði við foreldra og nemendur		Í vinnslu

3.0 Stjórnskipan og starfsfólk

Í skipuritinu hér fyrir neðan má sjá stjórnskipan skólans. Sérstök áhersla er lögð á að stjórnendur vinni vel saman sem teymi og beri sameiginlega ábyrgð á daglegri stjórnun skólans og faglegri þróun hans. Stjórnendur vinna jafnframt eftir stefnu og einkunnarorðum skólans og leggja sig fram um að efla faglegan styrk hans í samvinnu við kennara og starfsfólk.

SKIPURIT DJÚPAVOGSSKÓLA 2022-2023



Yfirmaður skólastjóra er fræðslustjóri Múlaþings, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir.

3.1 Starfsfólk Djúpavogsskóla 2022 – 2023

Ásdís Heiðdal	Leiðbeinandi
Barbara Ptak	Ræsting og stuðningur
Berglind Björgúlfsdóttir	Deildarstjóri Tónlistarskóla Djúpavogs
Berglind Elva Gunnlaugsdóttir	Leiðbeinandi
Daniela L. Pfister Schmalfluss	Stuðningsfulltrúi
Dröfn Freysdóttir	Leiðbeinandi
Eygló Valdimarsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Guðbjörg A Guðmundsdóttir	Þroskaþjálfari
Hafdís Reynisdóttir	Leiðbeinandi
Helga Björk Arnardóttir	Leiðbeinandi
Helga Rún Guðjónsdóttir	Leiðbeinandi
Hera Líf Liljudóttir	Leiðbeinandi
Hildur Björk Þorsteinsdóttir	Kennari
Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir	Kennari og verkefnastjóri stoðþjónustu
Íris Birgisdóttir	Leiðbeinandi
Íris Dögg Hákonardóttir	Leiðbeinandi
Jóhanna S Ragnarsdóttir	Kennari og ýmiskonar verkefnastjórn
Kolbrún Ósk Austmann	Leiðbeinandi
Kristrún Björg Gunnarsdóttir	Ritari
Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Kennari
María Dögg Línberg	Leiðbeinandi
Natan Leó Arnarsson	Leiðbeinandi og umsjón með Frístund
Ricardas Kanisaukas	Leiðbeinandi
Steinunn Þórarinsdóttir	Leiðbeinandi
Svala Bryndís Hjaltadóttir	Stuðningsfulltrúi
Unnur Malmquist Jónsdóttir	Kennari
Viktoría Brá Óðinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Þorbjörg Sandholt	Skólastjóri
Þórdís Sævarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
William Óðinn Lefever	Kemur að kennslu í gegnum félagsmiðstöð
Sigurbjörg Hvönn Kristinsdóttir	Fræðslustjóri Múlaþings

4.0 Áherslur í skólastarfinu

Í Djúpavogsskóla skiptir vellíðan nemenda okkur mestu máli. Skólinn á að vera öruggt skjól, þar sem börn eiga að geta stundað nám og þar á þeim að líða vel. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast og dafna og þeir eiga að fá tækifæri til að afla sér þekkingar, hæfni og leikni. Skólinn þarf að styrkja sjálfstraust nemenda og auka þeim vísýni og samstarfshæfni. Þannig geta þeir á farsælan hátt tekist á við lífið í síbreytilegu samfélagi nútímans og lagt sitt af mörkum til að bæta það.

Í skólastarfinu endurspeglast **Cittaslow hugmyndafræðin** í öllu starfi skólans. Viðmiðum hæglætishreyfingarinnar er fléttað inn í námsmarkmið og skipulag náms á öllum stigum.

Einnig er unnið eftir hugmyndafræðinni í þverfaglegum verkefnum sem tengd eru hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Einnig skal náms- og starfsumhverfi í Djúpavogsskóla taka mið af hugmyndafræði Cittaslow og skal það endurspeglast í hvetjandi námsumhverfi, hægð og núvitund í skólastarfinu.

Uppeldisstefna skólans byggir á hugmyndafræðinni **Uppeldi til ábyrgðar**

Unnið er að uppeldi til ábyrgðar í öllu skólastarfinu út frá verkáætlun fyrir alla árganga skólans á hverju skólaári.

Hér má kynna sér uppbyggingarstefnuna betur. <https://uppbygging.is>

En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Haustið 2022 verður innleiðing Leiðsagnarnáms (LSN) ein af megin áherslum í skólastarfi Djúpavogsskóla. Flestir grunnskólar í Múlaþingi vinna að innleiðingu LSN í samstarfi við Menntavísindasvið Háskólans á Akureyri (MSHA)

Með Leiðsagnarnámi er lögð áhersla á að efla og þróa jákvæða og uppbyggjandi námsmenningu í skólanum þar sem unnið er með að valdefla nemendur á þann hátt að nemendur viti hver staða þeirra er í eigin námi, hver séu námsmarkmið þeirra og fái leiðsögn til að brúa bilið þar á milli.

Viðmiðunartími um innleiðingu LSN í skólum er almennt um þrjú ár. Djúpavogsskóli hóf innleiðingu haustið 2021, en skólaárið 2022 -2023 heldur Þórdís Sævarsdóttir, aðstoðarskólastjóri utan um innleiðingu í Djúpavogsskóla. Skipulagðir fundir með MSHA, eru: Haustönn: 26. september og 25. nóvember og 5. desember.


Vorönn: 27. mars og svo uppskeruhátíð 22. maí.

Skóli á grænni grein er verkefni í samvinnu við Landvernd og mun það verkefni styðja við markvissa vinnu með Cittaslow viðmið er snúa að umhverfi og sjálfbærnivitund.

Byrjendalæsi (BL) er viðurkennd aðferð í læsiskennslu og er hún notuð á yngsta stigi skólans en teygist upp á miðstig í kennsluaðferðinni Orð af orði. Meginmarkmið er að börn nái góðum árangri í læsi í víðum skilningi (svo sem leshraði, lesskilningur og ríkur orðaforði) sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi er vel fest í sessi við Djúpavogsskóla síðan innleiðing hófst haust 2014. Innleiðing á BL er hluti af verkefninu Bættur námsárangur á Austurlandi. Við skólann hafa fjórir kennarar lokið 2ja ára námi í kennsluaðferðum BL og skólaárið 2022-2023 er einn kennari í BL námi. Auk þessa er einn kennari lærður leiðtogi í BL og stýrir BL starfi skólans.

Til þess að skóli sé **lifandi, virkur og skapandi** er mikilvægt að draga atvinnulífið inn í skólann, samfélag og menningu, nýta tæknilegar lausnir og samþætta ólíka strauma og vinna þvert á greinar. Þannig hafa nemendur, sem þess þurfa, kost á því að sækja að einhverjum hluta starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Ef tekst að ná þessum þáttum inn í daglegt starf skólans þá getur það leitt til ríkari þekkingar, leikni og hæfni samkvæmt aðalnámskrá. Stefna skóla og hugmyndafræði fléttast inn í skólastarfið og aðalnámskráin gefur mikið svigrúm til að auðga skólastarfið með áherslum sem ekki byggja eingöngu á bóknámi.



Myndræn framsetning á áherslum skólans

Á myndinni má sjá þær stoðir sem skólastarfið hvílir á og þá þætti sem reynt er að draga inn í skólastarfið til þess að geta stuðlað að virku og skapandi námi.

Við reynum að skipuleggja nám og kennslu með það að leiðarljósi að nemendur fái það svigrúm og aðhald sem þeir þurfa til að öðlast skilgreinda þekkingu, leikni og hæfni.

Við viljum útskrifa ungmenni sem þekkja sjálfbærni og geta sýnt samfélagsábyrgð. Ungmenni sem hafa tileinkað sér jákvæðan lífsstíl, hafa sterka sjálfsmynd og kunna sjálfsaga. Ungmenni sem þora að skapa eitthvað nýtt og hafa hugrekki til að tjá sig um hugmyndir og fylgja þeim eftir.

Það er mikilvægt fyrir hvert samfélag að þeir sem starfa og lifa innan þess hafi af því ánægju og líði vel. Það er því mikilvægt að skólabragur einkennist af lýðræðislegum starfsháttum og gæti þess að hlustað sé með opnum huga á raddir nemenda, foreldra og starfsfólks í skólasamfélaginu.

Einkunnarorð skólans eru eftirfarandi:

Hugrekki

- Við höfum hugrekki og frelsi til að vera framsækin.
- Við sýnum hugrekki með því að taka ábyrgð á eigin viðhorfum og gjörðum.

Virðing

- Við berum virðingu fyrir fjölbreytileika nemenda, foreldra og starfsfólks.
- Með því að sýna samkennd og kærleika í verki berum við virðingu fyrir ólíkum þörfum innan skólans.

Samvinna

- Við vinnum saman með traust, gleði og jákvæðni að leiðarljósi.
- Við höfum metnað til að vinna saman að eflingu þekkingar og fagmennsku í skólalstarfinu.

5.0 Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans er uppfærð á hverju vori og er eins og gefur að skilja áætlun. Til viðbótar við það sem birtist hér geta dottið inn stutt fræðsluerindi og vinnustofur sem bjóðast yfir skólaárið. Símenntunaráætlunin er í takt við stefnu skólans, niðurstöður innra mats og jafnréttisstefnu.

	2022-2023											
	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	
Námskeið fyrir kennara á vegum skólaskrifstofunnar	X											
Endurmenntunardagur á Austurlandi		X										
Skyndihjálpi (ekki komin dagsetning)												
Leiðsagnamám	X	X		X	X			X		X		
Utis – námskeið í upplýsingatækni		X										
Skapandi stærðfræði (ekki komin dagsetning)												
Ýmis námskeið sem starfsfólk getur sótt sjálf með eða án stuðnings skóla	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

6.0 Almennar upplýsingar

6.1 Dagsskipulag grunnskólans

- Skólinn opnar kl. 7:50 alla virka daga.
- Kennsla hefst kl. 8:05 hjá öllum bekkjum en lýkur kl 13:20 hjá yngsta stigi, kl. 13:55 á miðstigi og 14:11 á unglingsstigi.
- Skólinn hefst með Cittaslow-stund, áhersla á yndislestur.
- Allir nemendur skólans taka þátt í samveru milli 8:15-8:30.
- Nemendur í 1.-10. bekk fara í nesti og frímínútur 9:30-10:00. Nemendur í 1.-7. bekk fara í útiveru en nemendur í 8.-10. bekk hafa val um að fara í hreyfinu í íþróttahúsinu eða fara í félagsmiðstöð. Kennarar og starfsmaður félagsmiðstöðvar sjá um gæslu.
- Matartímar nemenda eru á Hótel Framtíð frá 11:20 – 13:00.
- Nemendur í 1.-7. bekk 11:20-12:20.
- Nemendur 8.-10. bekk 12:30-13:00.
- Kennarar á yngsta- og miðstigi fylgja nemendum í mat og tengja stundina við útiveru og uppbrot.
- Unglingardeild fer í útiveru/frímínútur 11:20-11:30.
- Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar sinna frímínútnagæslu úti og inni.
- Starfsmannafundur eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá 14:20-15:50.
- Fagfundir eru á þriðjudegi frá 14:20-15:50 (á móti starfsmannafundi).
- Teymisfundir eru á fimmtudögum 14:20-15:50.

- Frístund eða lengd viðvera nemenda er í boði fyrir nemendur í 1.-3.bekk frá 13:20-16:00 og er staðsett á Helgafelli.
- Tónlistarskóli Djúpavogs verður starfræktur í skólanum og þannig fá nemendur

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladaatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **DJÚPAVOGSSKÓLI**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M Frídagur venurarmanna	1 F	1 L	1 D	1 F Fullveldisdagurinn/gestadagur	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Vorkaflisdagurinn	1 F
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F SKIPLAGSDAGUR/Heila	2 S Þámasunntugur	2 D	2 F
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 F	3 M PÁSKAFRI	3 M	3 L
4 F	4 S	4 D	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D PÁSKAFRI	4 F	4 S Björnarnadagurinn
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M PÁSKAFRI	5 F	5 M
6 L	6 D	6 F	6 S	6 D	6 F Þrettándinn	6 M Dagur leikaklans	6 M	6 F Þriðdagur	6 L	6 D
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 D Dagur tónlistarskólans	7 D	7 F Þriðdagurinn langi	7 S	7 M NORDISKOLABILT X2
8 M	8 F Dagur laess	8 L	8 D Þrettándagur gegn einelli	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F SKIPLAGSDAGUR
9 D	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þriðdagur	9 D SKIPLAGSDAGUR/Heila	9 F SKIPLAGSDAGUR
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 F	10 M Annar í páskum	10 M SKÓLAÞING X2	10 L
11 F	11 S	11 D SKIPLAGSDAGUR/Heila	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur íslensku tónlistarskólans	11 L	11 D	11 F	11 S
12 F	12 M	12 M SAMSKIPTADAGUR	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M SKIPLAGSDAGUR
13 L	13 D	13 F LEIADAGUR	13 S	13 D	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 D
14 S	14 M	14 F LEIADAGUR	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D Dagur stærðfrægistadagur	14 F	14 S	14 M
15 M SKIPLAGSDAGUR	15 F Dagur ísl. náttúruvísindis	15 L	15 D	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 D SKIPLAGSDAGUR	16 F ENDURMENTUN	16 S	16 M Dagur ísl. tungu/gestadagur	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 D	16 F
17 M SKIPLAGSDAGUR	17 L	17 M	17 F	17 L	17 D SKIPLAGSDAGUR/Heila	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L Ljóbeldisdagurinn
18 F SKIPLAGSDAGUR	18 S	18 D	18 F	18 S	18 M SAMSKIPTADAGUR	18 L	18 L	18 D	18 F Úppföngingardagur	18 S
19 F SKIPLAGSDAGUR	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Konustugur	19 S	19 M Þriðdagur	19 F	19 M
20 L	20 D	20 F	20 S Dagur manntínda barna	20 D STOFU-JÓL	20 F Bóndadagur/gestadagur	20 M	20 M	20 F Þriðdagurinn fyrsti	20 L	20 D
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 D Sprengingur	21 D AÐSHÁTIÐ -YNGRI	21 F VETRANFRÍ	21 S	21 M
22 M SKÓLASETNINGARVIÐTÖL	22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 D	22 F	22 S	22 M Óskudagur	22 M AÐSHÁTIÐAR LINDRÉ	22 L	22 M	22 F
23 D SKÓLASETNINGARVIÐTÖL	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F VETRANFRÍ	23 F AÐSHÁTIÐ ELÐRI X2	23 S	23 D	23 F
24 M	24 L	24 M VETRANFRÍ	24 F	24 L Afmælingardagur jóla	24 D	24 F VETRANFRÍ	24 F Fjölskygjur	24 M	24 M	24 L
25 F	25 S	25 D VETRANFRÍ	25 F SKIPLAGSDAGUR/Heila	25 S Óskudagur	25 M	25 L	25 L	25 D	25 F	25 S
26 F	26 M Erindaki tungumáladagurinn	26 M	26 L	26 M Annar í jólum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M
27 L	27 D	27 F	27 S	27 D	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 D
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 D	28 D	28 F	28 S Vefstærndagur	28 M
29 M	29 F	29 L	29 D	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M Annar í Hólabrennu	29 F
30 D	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 D	30 F
31 M		31 M		31 L Gamliádagur	31 D		31 F		31 M	

tækifæri til að sinna tónlistarnámi á skólatíma.

6.2 Skóladaatal

Skóladaatalið er einnig að finna inn á heimasíðu skólans, www.djupavogsskoli.is

Frístund - Lengd viðvera

Nemendur í 1. - 3. bekk stendur til boða lengd viðvera á Helgafelli frá kl. 13:10 – 16:00 gegn greiðslu. Verði breytingar á viðveru nemanda skal láta ritara skólans vita í síma 470-8710. Gjaldskrá er hægt að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Heimanám

Mikilvægt er að nemendur læri að temja sér skipulögð vinnubrögð heima sem og í skóla. Mikil áhersla er lögð á lestur og lesskilning með því að lesa í skóla og heima. Heimanám er sniðið að námsþörfum nemenda hverju sinni í samvinnu við fjölskyldur. Heimanám er birt nemendum á Mentor og þar geta foreldrar nálgast frekari upplýsinga um nám barna sinna.



Húsnæði – skólalóð

Kennsla fer fram í aðalbyggingu skólans, í Helgafelli sem er í göngufæri við skólann, íþróttahúsi og sundlaug sem eru á skólalóð. Skólalóðin er leiksvæði nemenda í frímínútum. Sparkvöllur er á skólalóð fyrir aftan íþróttahús. Unnið er að endurbótum á skólalóð.

Móttaka nýrra nemenda

Öll börn sem verða 6 ára eiga að hefja nám í grunnskóla. Gott samstarf er milli grunn- og leikskólans og eru haldnir skilafundir í ágúst þar sem deildarstjóri elstu deildar leikskólans hittir umsjónarkennara 1. bekkjar, umsjónarmann stoðþjónustu og skólastjórnendur og fer yfir náms- og félagslega stöðu verðandi fyrstu bekkinga. Þessir skilafundir eru haldnir með samþykki foreldra barnanna.

Þegar barn hefur nám við skólann t.d. vegna flutninga, hafa foreldrar samband við skólann. Skólastjóri, ásamt viðkomandi umsjónarkennara hitta foreldra og nemanda / nemendur og fara yfir mál. Rætt er um námslega og félagslega stöðu nemandans auk þess sem foreldrar og nýir nemendur fá upplýsingar um sérstöðu skólans og hefðir og venjur í honum. Foreldrar geta skráð nemendur í skólann á heimasíðu Múlaþings.

Mjög mikilvægt er að upplýsingar úr fyrri skóla fylgi nemandanum í nýja skólann þannig að hægt sé að sinna barninu á sem bestan hátt.

Þegar nýr nemandi kemur í skólann er mikilvægt að allar upplýsingar berist fljótt til verðandi umsjónarkennara. Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna í **skólanámskrá** skólans og á heimasíðu skólans undir nám og kennsla.

Mötuneyti – nesti

Nemendum gefst kostur á að kaupa hádegismat í áskrift. Matseðill hvers mánaðar er birtur á heimasíðu skólans og í vikufréttum til starfsfólks og foreldra. Nemendur eru hvattir til að koma með hollt og gott nesti að heiman og vatn í brúsum eða ílátum með loki. Nemendur taka einnota umbúðir með sér heim í lok dags. Æskilegt er að nestið sé samkvæmt ábendingum landlæknis; ávextir og grænmeti í forgrunni – gróft brauð og álegg og/eða mjólkurvara með lágu sykurinnihaldi.

Skólaakstur

Nemendum úr dreifbýli er keyrt í skólann að morgni og brottför frá skólanum flesta daga milli 15:00 – 15:30, reynt er að tengja skólaakstur við Neistatíma í íþróttahúsinu eftir að skóladegi líkur. Skólareglur Djúpavogsskóla gilda í skólabílum. Þegar veður er tvísýnt tekur bílstjóri ákvörðun um hvort ekið verði með börn úr dreifbýli í skóla. Hann lætur þá foreldra vita ef ferð fellur niður vegna veðurs. Foreldrar og forráðamenn láta skólabílstjóra vita ef nemandi forfallast í síma: 661-3913.

Reiðhjól

Djúpavogsskóli hvetur nemendur til að ganga eða hjóla í skólann. Þeir nemendur sem koma á reiðhjólum í skólann gera það á eigin ábyrgð. Forráðamenn bera ábyrgð á að börn þeirra noti hlífðarhjálma, endurskinsmerki og ljós eins og lög gera ráð fyrir. Nemendur eru hvattir til að nýta hjólagrindur og ganga vel um eigin hjól og annarra. Nemendur noti hjól/hlaupahjól/rafhlaupahjól einungis til að komast í og úr skólanum en ekki á skólatíma.

Fatnaður – skór og óskilamunir

Allir nemendur geyma útiskó við inngang skólans. Flestir nemendur geta geymt útiföt í fatahengi skólans en nemendur fatahengi eru í kennslustofum á á unglingsstigi. Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum eða öðrum eigum nemenda. Nauðsynlegt er að merkja fatnað vel með nafni barns. Óskilamunir eru til sýnis á foreldradögum. Sé þeirra ekki vitjað eru þeir gefnir hjálparstofnunum í lok skólaárs.

Skólabækur – námsgögn

Nemendur fá námsgögn til afnota í skólanum. Múlþing greiðir fyrir öll námsgögn og ritföng nemenda. Nemendur hafa aðgang að spjaldtölvum og fartölvum þegar þess þarf, ekki er gert ráð fyrir að nemendur komi með sín eigin tæki. Athugið að tölvuleikir eru einungis leyfðir hafi þeir ákveðin námsmarkmið og með leyfi kennara.

Nemendur bera ábyrgð á námsgögnum sem þeir fá að láni og eiga að skila þeim í svipuðu ástandi og þau voru í við upphaf útláns. Tapist námsgögn geta foreldrar þurft að greiða kostnað sem af því hlýst.

Skólabókasafn/héraðsbókasafn

Skólabókasafnið er staðsett á gangi skólans og er opið alla daga frá 8:30-15:00. Hver nemandi á útlánskort sem varðveitt er á bókasafninu. Nemendur geta fengið aðgang að rafbókasafni í gegnum skólabókasafnið. Innkaupastefna skólabókasafnsins tekur mið af Byrjendalæsi.

Héraðsbókasafnið er staðsett í skólanum og er opið almenningi á þriðjudögum frá 16:00 – 18:00 og föstudögum frá 10:00 – 11:00 en þá er sérstök áhersla á opnun fyrir eldri borgara. Skólahjúkrunarfræðingur hefur vinnuaðstöðu á bókasafninu á fimmtudögum.

Veikindi – forföll - leyfi

Foreldrar og forráðamenn geta sótt um leyfi fyrir börnin sín til skemmri tíma. Umsjónarkennarar geta gefið leyfi fyrir einstaka tíma en leyfi til þriggja daga eða lengri tíma þarf að sækja um á eyðublaði sem fæst hjá skólastjóra. Foreldrar eða forráðamenn bera ábyrgð á að nemandinn vinni upp það sem hann tapar úr námi vegna fjarveru. Tilkynna þarf veikindi að morgni í síma 470-8710, einnig er hægt að senda póst á kristrun.gunnarsdottir@mulathing.is eða skrá veikindi inn á mentor.is. Tilkynna þarf veikindi daglega vari þau lengur en einn dag.

Þegar starfsfólk skólans veikist er reynt að manna forföll eftir bestu getu og nemendur eru ekki sendir heim nema að foreldrar séu upplýstir.

Viðbrögð við óveðri

Foreldrar og forráðamenn verða að meta aðstæður í vondu veðri og ákveða hvort að halda skuli nemendum heima eða senda þau í skólann. Ef fella þarf niður skólastarf er það auglýst á heimsíðu skólans og tilkynnt með tölvupósti eins fljótt og kostur er.

Útivistartími

Frá 1. september til 1.mai mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 20:00 en 13 – 16 ára til kl. 22:00. Þó má bregða út frá þessum reglum þegar börn eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Miðað er við fæðingarár.

Heimsóknir í skólann

Nemendur, sem stunda nám annarsstaðar en á Djúpavogi en eiga foreldra með lögheimili í Múlaþingi, geta óskað eftir að koma í námsheimsókn. Slíkar umsóknir eru metnar hverju sinni, nemendur sem koma í námsheimsókn skulu hafa með sér námsgögn og verkefni úr heimaskóla.



7.0 Skólareglur

Um skólareglur

Í reglugerð nr.1040/2011 um skólareglur er kveðið á um að skólareglur skuli vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við aðalnámskrá og lög um grunnskóla. Í þeim er kveðið á um almenna umgengi, samskipti, stundvísi, ástundun náms, heilbrigðar og hollar lífsvenjur og réttindi og skyldur.

Í reglunum á að koma skýrt fram hvernig skólinn ætlar að bregðast við brotum á þeim.

Í Djúpavogsskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu.

Skólareglur Djúpavogsskóla verða endurskoðaðar á skólaárinu 2022 – 2023.

Skólareglur Djúpavogsskóla eru í anda Uppbyggingarstefnunnar.

Hlutverk skólans er að:

- Hlúa að öruggu námsumhverfi
- Vinna eftir skýru verklagi varðandi meðferð agamála með það að leiðarljósi að:
 - hjálpa einstaklingum að læra af þeim mistökum sem þeir gera varðandi hegðun og samskipti
 - hjálpa þeim að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun
 - styrkja þá í að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt

Sáttmáli/skólareglur: Gildir í öllu starfi skólans, frímínútum, íþróttahúsi, mötuneyti og skólaferðalögum.

Hlutverk nemenda:

- Við mætum stundvíslega og vel undirbúin í skólann.
- Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi.
- Við virðum mörk annarra.
- Við göngum vel um skólann, eigur okkar og annarra.
- Við komum á réttum tíma í allar kennslustundir.
- Við berum ábyrgð á eigin námi og vinnu í skólanum. Við tökum ekki með okkur sælgæti eða gosdrykki í skólann, nema annað sé ákveðið.
- Við notum ekki tóbak, rafrettur eða önnur vímuefni í og við skólann og hvar sem við erum á vegum skólans.
- Við berum sjálf ábyrgð á verðmætum sem við veljum að taka með okkur í skólann.
- Við beitum ekki ofbeldi af neinu tagi.
- Við förum ekki út fyrir skólalóðina nema með leyfi.
- Við mótum bekkjarsáttmála á hverju hausti og virðum hann.
- Við notum ekki símann á skólatíma nema annað sé tekið fram.

Óæskileg hegðun

Óæskileg hegðun er sú hegðun sem ekki er í takt við sáttmálann/skólareglurnar hér ofar.

Viðbrögð við óæskilegri hegðun:

1. Viðkomandi starfsmaður eða kennari ræðir við nemandann um hegðunina. Í anda uppbyggingarinnar fær nemandi tækifæri til að ákveða hvernig hann vill bregðast við í svipuðum aðstæðum næst.
2. Kennari eða starfsmaður lætur umsjónakennara vita og atvikið er skráð í Mentor.
3. Umsjónarkennari metur hvort:
 - a. hringja þarf í foreldra
 - b. kalla þarf á foreldra í viðtal.
 - c. kalla þarf á foreldra með skólastjórnanda í viðtal.
4. Uppbygging – umsjónarkennari vinnur uppbyggingaráætlun með nemanda ef hann sýnir ítrekað óæskilega hegðun.

Skýr mörk – óásættanleg hegðun

Hegðun er annars vegar ásættanleg og hins vegar óásættanleg. Þarna á milli er dregin marklína, sem við köllum **skýru mörkin**.

Þetta eru skýru mörkin sem við höfum sett okkur.

- Við förum yfir skýru mörkin ef við beitum ofbeldi/líkamsárás
- Við förum yfir skýru mörkin ef við sýnum ógnandi hegðun eða erum með alvarlegar hótanir.
- Við förum yfir skýru mörkin ef við vinnum skemmdarverk á eignum skólans eða annarra.
- Við förum yfir skýru mörkin ef við stelum frá skólanum eða öðrum.
- Við förum yfir skýru mörkin ef við sýnum einkastaði okkar (kynfæri og rass)
- Við förum yfir skýru mörkin ef við notum vopn, eldfæri, ávana- og fíkniefni.
- Við förum yfir skýru mörkin ef við fáum annan nemanda til að framkvæma eitthvað af ofangreindu.

Viðbrögð þegar farið er yfir skýru mörkin

- Ávallt vísað til umsjónarkennara/skólastjórnanda.
- Hafa samband við foreldra og láta sækja nemanda.
- Gera uppbyggingaráætlun með foreldrum þegar nemandi kemur aftur.
- Skólastjórnandi ber ábyrgð á eftirfylgni með því að dagsetja annan fund með foreldrum og nemanda í uppbyggingaráætlun.

Við alvarleg og ítrekuð brot getur nemanda verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu. Líkamlegar refsingar eru óheimilar. Starfsmönnum skóla er óheimilt að beita aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina

foreldrum/ forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum. Eineltismál og önnur ofbeldismál eru umsvifalaust tekin fyrir.

Skólasókn og leyfisveitingar:

Hlutverk foreldra

- Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna.
- Foreldrar sjá til þess að nemendur mæti á réttum tíma í skólann með þau gögn sem ætlast er til.
- Foreldrar upplýsa skólann um breytingar á högum nemandans þannig að skólinn geti brugðist sem best við.
- Leyfi í 1-2 daga skal sækja um til umsjónarkennara, símleiðis eða með tölvupósti
- Leyfi í 3 daga eða fleiri skal sækja um til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði.
- Foreldrar senda nemendur í skólann með hollt og gott nesti
- **Skólinn leggst eindregið gegn því að nemendur fái undanþágu frá skólasókn nema það sé mjög brýnt.** Fari óútskýrð skólasókn nemenda undir 85% er litið svo á að um brot gagnvart barninu sé að ræða og ber skólastjóra að tilkynna barnavernd um málið.

8.0 Tilhögun kennslu

Bekkjarskipan

Hefð er fyrir samkennslu í Djúpavogsskóla. Fjöldi í bekkjardeildum er yfirleitt á bilinu 10 – 15. Samkennsluformið hefur marga kosti sem starfsmenn skólans reyna að nýta sem best. Nemendur fá skiptistundir í ákveðnum fögum, t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi en einnig í grunnfögunum eins og íslensku og stærðfræði.

Kennsla er skipulögð skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá liggur til grundvallar. Markmið og innihald kennslunnar er sett fram annars vegar í námsáætlun sem unnin er í Mentor og foreldrar hafa aðgang að þar og hins vegar í viku-/ dagsáætlunum sem foreldrum og nemendum er kynntar ýmist á Mentor eða í sérstökum heimanámsbókum.

Teymiskennsla

Djúpavogsskóli er teymiskennsluskóli með skipulögð teymi fyrir hvert stig grunnskólans. Umsjónarkennarar og teymin útbúa stundatöflur fyrir sína hópa með hliðsjón af viðmiðunarstundaskrá.

Með teymiskennslunni er leitast við að kenna enn frekar þvert á árganga með það að leiðarljósi að koma betur til móts við nemendur og efla fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Útfærsla Djúpavogsskóla á viðmiðunarstundaskrá

Viðmiðunarstundarskrá haust 2022

Námssvið	Yngsta				Mið			Unglinga		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Íslenska	280	240	240	240	240	240	240	200	200	200
Erlend tungumál	0	40	40	40	160	160	160	280	280	280
List- og verkgreinar	240	240	240	240	240	240	240	200	200	200
Náttúrugreinar	120	120	120	120	120	120	120	120	120	120
Skólaíþróttir	120	120	120	120	120	120	120	120	120	120
Samfélagsgreinar	120	120	120	120	200	200	200	120	120	120
Stærðfræði	240	240	240	240	240	240	240	200	200	200
Upplýsinga- og tæknim.	40	40	40	40	40	40	40			
Til ráðstöfunar / val	40	40	40	40	40	40	40	240	240	240
Samtals	1200	1200	1200	1200	1400	1400	1400	1480	1480	1480

Í stundaskrá nemenda er nánari útfærsla á viðmiðunarstundatöflu skólans og eru þær aðgengilegar foreldrum og nemendum á heimasvæði foreldra og nemenda á Mentor.is. Ef breytingar verða á stundartöflum eru foreldrar upplýstir í tölvupósti. Reynt er eftir fremsta megni að hafa stundatöflur á Mentor réttar.

Valgreinar

Vali nemenda á miðstigi er fléttað inn í stofu og smiðjutíma í stundatöflu. Reynt er eftir fremsta megni að hafa valið fjölbreytt. Á hverju ári gefst nemendum á unglingastigi kostur á að velja sér valáfanga. Á skólaárinu 2022 – 2023 verður m.a. hægt að velja: Leirmótun, málverk, heimilisfræði, raungreinar og fleira.

Kennsluáætlanir

Skv. aðalnámskrá grunnskóla ber kennurum að gera námskrá í þeim greinum sem þeir kenna. Kennsluáætlanir eru birtar foreldrum á Mentor.

Umsjónarkennarar við Djúpavogsskóla:

- gæta hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans og leitast við að hafa ætíð sem besta vitneskju um nám þeirra og líðan
- eru tengiliður skólans við heimili umsjónarnemenda
- fylgjast með og skrá skólasókn og annað sem máli skiptir
- hafa umsjón með bekkjarskemmtunum
- sjá til þess að umgengni um umsjónarstofu sé til fyrirmyndar

Forföll kennara

Þegar kennari forfallast er það leyst með forfallakennslu, eins og hægt. Reynt er að fella ekki



niður kennslu fyrir hádegi en það getur komið upp sú staða að fella þurfi niður kennslu eftir hádegi í 5.-10. bekk, ef ekki verður hjá öðru komist. Nemendur í 1.-4. bekk eru ekki sendir heim. Kennsla er ekki felld niður nema með leyfi skólastjóra og umsjónarkennarar upplýsa foreldra með tölvupósti.

Mentor.is

Mentor er upplýsingakerfi milli heimilis og skóla og heldur utan um framvindu náms. Foreldrar og nemendur fá lykilorð inn á heimasíðu Mentor.is. Mikil áhersla er lögð á að foreldrar skoði hæfnikort nemenda reglulega, framgang í námi, ástundun, geti fengið og sent skilaboð o.m.fl. Kennarar skrá ástundun, skólasókn, heimanám o.fl. inn í þetta kerfi.

Samræmd próf

Skólinn fylgir fyrirmælum Menntamálaráðuneytis um samræmd próf.

Námsmat

Við Djúpavogsskóla er námsmat fjölbreytt og reynt að hafa leiðsagnarmat í forgrunni þar sem nemendur fá leiðsögn í gegnum námið og eru metnir jafnóðum. Engir sérstakir námsmatsdagar eru í skóladagatali en nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir önnina í hæfnikortum þeirra á mentor sem aðgengilegt er foreldrum og nemendum. Við annarlok er hins vegar lokað á birtingu námsmats í stuttan tíma meðan kennarar ljúka við námsmat og síðan er það birt á ný. Sem lokamat fá nemendur í 1.-3., 5.-6., 8.-9. bekk framvindu einkunn sem segir til um hvort þeir séu með góða framvindu, hæga eða í hættu með að ná ekki lágmarks viðmiðum. Nemendur sem eru að ljúka yngsta,- mið,- og unglingastigi (4.,-7.-10.bekkur) fá hinsvegar hæfnieinkunn í lokamat sem segir til um hvort hæfni sé náð í viðkomandi fagi, hvort nemandi sé á góðri leið, þarfnist þjálfunar eða sé í hættu á að ná ekki lágmarksviðmiðum. Stoðþjónusta metur, í samstarfi við kennara, hvort að inngrips sé þörf hjá þeim nemendum sem fá „þarfnast þjálfunar“ eða „í hættu að ná ekki lágmarksviðmiðum“.

Samskiptadagar

Formlegir samskiptadagar eru nokkrir á skólárinu. Þar gefst foreldrum kostur á að mæta með nemendum, ræða nám barnsins síns og taka þátt í að gera námsáætlun. Eins geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali þegar þeir vilja. Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel. Reglubundnar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru mjög nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barns og að upplýsingar berist frá skólanum til heimila.

Teams

Á mið- og unglingastigi er nemendum kennt að nota Microsoft Teams sem vinnuvæði námsgreina. Þar geta nemendur unnið og skilað verkefnum beint til kennara í einhverjum tilfellum.

Tónlistarskóli Djúpavogs

Tónlistarskóli Djúpavogs er deild innan Djúpavogsskóla og starfar eftir stefnu hans. Deildarstjóri Tónlistarskólans er Berglind Björgúlfsdóttir.

Skólaárið 2022-2023 hefst Tónlistarskólinn í byrjun september.

Kennt er á, ukulele, gítar, hljómborð, ásláttarhljóðfæri ásamt söng. Mikil áhersla er lögð á sköpun og frelsi í tónlistarflutning. Á skólaárinu 2022 – 2023 verður dagleg tónlistarsamvera í öllum bekkjum í 15 mínútur á dag.

9.0 Ráð og nefndir

Fræðslunefnd

Fjölskylduráð Múlapings fjallar um málefni skólans en fræðslustjóri Múlapings hefur m.a. það hlutverk að:

- Sjá til þess að öll börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu við þær aðstæður sem lög gera ráð fyrir
- Sjá um að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við lög
- Sjá um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður
- Gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur

Skólaráð

Skv. grunnskólalögum skal starfa skólaráð við grunnskólann. Skólaráð:

- a) Fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- b) Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
- c) Tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
- d) Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- e) Fjallar um skólareglur og umgengishætti í skólanum
- f) Fjallar um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað
- g) Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Það tekur þátt í stefnumörkun og mótun sérkenna skólans. Skólaráð er skipað fulltrúum kennara, annarra starfsmanna, foreldra, nemenda og grenndarsamfélags. Skólastjóri boðar fundi.

Skólaráð 2021-2023

- Þorbjörg Sandholt, skólastjóri
- María Dögg Línberg, fulltrúi kennara
- Helga Björk Arnardóttir, fulltrúi kennara
- Svala Bryndís Hjaltadóttir, fulltrúi almennra starfsmanna
- Arnór Magnússon, fulltrúi foreldra
- Hafdís Reynisdóttir, fulltrúi foreldra
- Ríkharður Valtingoer 9.bekk – fulltrúi nemenda

- Brynja Kristjánsdóttir 10.bekk – fulltrúi nemenda
- Þórunnborg Jónsdóttir, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu

Austurlandsteymið/Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fylgjast sérstaklega með nemendum sem af einhverjum ástæðum líður illa eða eiga í einhverjum erfiðleikum í skólanum. Nemendaverndarráð Djúpavogsskóla er starfrækt innan Austurlandslíkansins. Helstu áherslur í verklaginu eru snemmtæk inngrip, forvarnir og samvinna í teymi úti í skólum með áherslu á samstarf ólíkra fagstétta og stofnana. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu og þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku í eigin málum. Innan teymisins starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfari og skólahjúkrunarfræðingur.

Austurlandsteymið er þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, heilsugæslu og skóla á Austurlandi. Markmið með starfi teymisins er að einfalda og flýta fyrir aðstoð til nemenda og foreldra, samhliða því að vera stuðningur fyrir starfsfólk skóla og samhæfa aðgerðir. Teymið hefur viðveru í skólanum einu sinni í mánuði.

Í nemendaverndarráði skólans sitja:

- Þorbjörg Sandholt, skólastjóri.
- Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri stoðþjónustu.
- Eygló Valdimarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir er tengiliður skólans við Austurlandsteymið.

Félagsþjónusta Múlaþings

Gott samstarf er við félagsþjónustu Múlaþings. Starfsfólk skólans fer eftir lögum um barnavernd. Óski foreldrar eða forráðamenn eftir viðtali við starfsmenn félagsþjónustu er hægt að panta tíma beint í síma 470–0700.

Stoðþjónusta Djúpavogsskóla

Í Djúpavogsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Áhersla er á að nemendur geti nálgast viðfangsefnið fjölbreyttan og ólíkan hátt og læri að taka ábyrgð á eigin námi. Sérkennsla er ein þeirra leiða sem notuð er til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu hvers og eins. Sér- og stuðningskennsla byggir á greiningum sem unnin er af sérkennara eða öðrum sérfræðingi, mati umsjónarkennara og upplýsingum frá foreldrum. Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir er verkefnastjóri stoðþjónustu.

Nemendafélag

Nemendaráð starfar í grunnskólanum. Það er skipað fulltrúum úr 8.-10. bekk en nemendur 7.-10. bekkjar hafa kosningarétt. Hlutverk þess er m.a. að gæta að hagsmunum nemenda í skólanum auk þess að skipuleggja félagsstarfið.

Lilja Dögg Björgvinsdóttir heldur utan um starf nemendaráðs í vetur.

Í nemendaráði sitja:

Brynja Kristjánsdóttir 10.bekk

Brynjar Örn Pálmason 9.bekk

Antoni Marszalek 9.bekk
Andrea Hanna Guðjónsdóttir 8.bekk
Óðinn Mikael Óðinsson 8.bekk

Varamenn:

Rökkvi Pálmason 8.bekk
Óðinn Pálmason 10.bekk

Skólaskrifstofa Múlapings

Djúpavogsskóli hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Skólaskrifstofu Múlapings. Boðið er upp á þjónustu talmeinafræðings, sálfræðings, kennsluráðgjafa og fleira fagfólks. Bæði forráðamenn og starfsfólk skólans geta haft frumkvæði að því að leita eftir þjónustu til skrifstofunnar.

Skólahjúkrunarfræðingur

Eygló Valdimarsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Djúpavogsskóla. Hún er með viðveru á bókasafni skólans á fimmtudögum og sinnir fræðslu samkvæmt fræðslustefnu heilsugæslunnar.

Ef barn þarf á lækniástoð á skólatíma er haft samband við vakthafandi lækni og foreldrar er upplýstir eins fljótt og hægt er. Börn í Djúpavogsskóla eru slysatryggð. Tryggingin gildir á viðverutíma barnsins í skólanum og á skólaferðalögum.

Áfallaráð-viðbrögð við áföllum

Í áfallaráði sitja ávallt skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og fulltrúi úr stoðteymi eða kennara.

- Undir áætlun þessa falla einungis stærri áföll s.s.
 - Dauðsfall innan skólans, hjá nemenda eða starfsmanni.
 - Alvarleg, lífshættuleg veikindi nemenda eða starfsmanna.
 - Stærri slys innan skólans hjá nemenda eða starfsmanni þar sem hann kallar á lækni og /eða sjúkrabíl.
 - Dauðsfall í nánustu fjölskyldu nemenda.
 - Hópslys innan sveitarfélagsins þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.
 - Náttúruhamfarir í eða nærri heimabyggð.
 - Veikindafaraldur í eða nærri heimabyggð.

Áfallaáætlun skólans er að finna í **skólanámskrá** og á heimasíðu skólans.

Meðferð eineltismála

Stefna gegn einelti er mótuð til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun í skólanum, til að styrkja jákvæðan skólabrag, tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Stefnu skólans gegn einelti er að finna í **skólanámskrá** skólans sem og á heimasíðu skólans.



Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun í Djúpavogsskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda. Jafnréttisáætlun má finna í **skólanámskrá** skólans og á heimasíðu skólans.

Rýmingar- og eldvarnaráætlun

Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur æfi viðbrögð við rýmingu skólans. Rýmingaráætlun má finna á heimasíðu skólans en skólinn er í samstarfi við Brunavarnir Austurland hvað varðar eldvarnaráætlun og rýmingaræfingar.

10.0 Samstarf og nærumhverfi

Samstarf leik- og grunnskóla

Í vetur munu elstu nemendur leikskólans fara í heimsóknir í grunnskólann eins og fyrri ár. Farið verður á mismunandi dögum og mismunandi tímum þannig að nemendur fái að kynnst sem flestum þáttum skólastarfsins. Þeir fái að syngja með í samsöng, fara í íþróttatíma, frímínútur, bóklega tíma o.fl. Þá munu yngstu nemendur grunnskólans einnig fara í heimsóknir í leikskólann þar sem þeir fá að taka þátt í leikskólastarfinu og rifja upp góðu stundirnar þar.

Skólarnir vinna í sameiningu að skipulagi fyrir heimsóknir á hverju hausti og tekur mið af fjölda nemenda í elsta árgangi leikskólans og fyrsta bekk grunnskólans ásamt skóladagatali skólanna.

Foreldrafélagið

Í foreldrafélagi Djúpavogsskóla starfa fulltrúar foreldra úr öllum bekkjum/stigum, auk þess sem einn starfsmaður skólans er tengiliður við skólann. Markmið foreldrafélagsins er að styrkja samvinnu milli heimilis og skóla auk þess að stuðla að ýmsum uppákomum yfir skólaárið.

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla og reynum við að leggja okkur fram við að koma til móts við þarfir foreldra eins og mögulegt er en sameiginlegt markmið er fyrst og fremst hagr hvers barns. Foreldrafélagið vinnur mikilvægt starf fyrir skólasamfélagið með því að skipuleggja viðburði og bjóða upp á fræðslu og smíðjur af ýmsu tagi fyrir nemendur.

Ungmennafélagið Neisti

Skólinn og Ungmennafélagið hafa alltaf átt mjög gott samstarf. Nemendur grunnskólans sækja Neistatíma í íþróttahúsinu strax að loknum skóladegi.

Samstarf grunn- og tónskólans og Hótel Framtíðar

Nemendur grunnskólans snæða hádegisverð á Hótel Framtíð gegn greiðslu. Matseðillinn er gefinn út mánuð fram í tímann og er birtur á heimasíðunni.

Viðburðir á vegum skóla og tónskóla eru haldnir í góðu samstarfi við Hótel Framtíð og þar má helst nefna árshátíð skólans.

11.0 Hefðir og venjur í Djúpavogsskóla

Skólaárið 2022-2023 rekst Dagur íslenskrar náttúru á við endumenntunardag og því verður haldið upp á Dag íslenskrar náttúru þann 15. September og hann samþættur við göngu- og gestadag.

- **Ólympíuhlaup ÍSÍ:** Íþróttakennari hefur umsjón með hlaupinu og allir nemendur skólans hlaupa en mis-langar vegalengdir. Foreldrum og starfsfólki er velkomið að hlaupa með. Fer fram á góðviðrisdegi að hausti til.
- **Plokkdagur:** Nemendur skólans skipta með sér svæðum á Djúpavogi og hreinsa vel nærumhverfið.
- **Cittaslow-Sunnudagur:** fulltrúi frá Djúpavogsskóla tekur þátt í Cittaslow sunnudeginum og kynnr Cittaslow starf skólans.
- **Leikjadagar:** Nemendur taka þátt í hinum ýmsum smiðjum tvo daga í október þar sem þeim er skipt í hópa þvert á alla bekki. Leikjadagar hétu áður keppnisdagar.
- **Jólahald og jólaskemmtanir:** Nemendur halda litlujól með sínum umsjónarkennara. Foreldrafélagið skipuleggur jóladansleik og jólaföndur.
- **Árshátíð:** Allir nemendur skólans taka þátt í að setja upp söngleik/leikrit sem sýnt er á Hótel Framtíð. Nemendur í 6. – 10. bekk hafa val um hvort þeir leika, vinna að leikmynd, búningum eða öðrum undirbúningi.
- **Stóra upplestrarkeppnin:** 7. bekkur tekur þátt í stóru upplestrarkeppninni sem hefst formlega á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. Djúpavogsskóli hefur verið í samstarfi við Grunnskólann á Höfn.
- **Litla upplestrarkeppnin:** Nemendur í 4. bekk taka þátt í litlu upplestrarkeppninni.
- **Skaftfell:** Skaftfell, myndlistamiðstöð Austurlands býður á hverju ári upp á fræðslu fyrir grunnskólanemendur. Hægt er að kynna sér fræðsluverkefni Skaftfells á skaftfell.is
- **Bras:** Djúpavogsskóli hefur tekið þátt í Barnamenningarhátíð Austurlands síðan það verkefni hófst fyrir nokkrum árum.
- **Öskudagur:** Öskudagur er uppbrotsdagur. Nemendur og starfsfólk mætir í búningum og haldinn er skemmtun í íþróttahúsinu.
- **Vordagar:** Á vordögum er áhersla á útikennslu, uppbot og vettvangsferðir nemenda.
- **Sumarhátíð foreldrafélagsins:** Foreldrafélag Djúpavogsskóla stendur fyrir sumarhátíð í tengslum við skólaslit.
- **Smiðjur foreldrafélagsins:** Foreldrafélag Djúpavogsskóla býður upp á fjölbreytta smiðjuhelgi. Þessi hefð er mikilvægt innlegg inn í fjölbreytileika skólastarfsins.
- **Skólaslit:** Skólaslit fara fram í Djúpavogskirkju. Skólastjóri og útskriftar nemendur í 10. bekk skipuleggja skólaslitin saman. Skólastjóri útskrifar nemendur úr 10. bekk með formlegum hætti, allir útskrifarnemendur fá gjöf frá skólanum og nemendur flytja útskriftarræðu. Umsjónarkennarar afhenda nemendum skólans möppu með vitnisburði. Danska sendiráðið veiti viðurkenningu fyrir bestan námsárangur í dönsku.
- **Fréttabréf:** Síðustu ár hefur myndast sú hefð að skólastjóri sendir foreldrum og starfsfólki rafrænt fréttabréf í lok hverrar viku. Haldið verður í þá hefð á þessu skólár.



- **Gestadagar:** Löng hefð er fyrir gestadögum í Djúpavogsskóla en á þeim dögum eru nemendur hvattir til að bjóða gestum í heimsókn.
- **Haustganga:** Nemendur og starfsfólk fara saman í haustgöngu þegar vel viðrar. Foreldrar eru velkomnir með.
- **Dagur íslenskrar náttúru:** Dagur Íslenskrar náttúru er 16.september á hverjur ár. Á þessum degi leggur Djúpavogsskóli áherslu á náttúrufræði og útinám.
- **Sérstaða** Mikilvægt að halda í sérstöðu og grenndarnám skólans.

Starfsáætlun er unnin af stjórnendateymi og yfirfarin af starfsfólki á fyrsta starfsmannafundi áður en hún er lögð fyrir skólaráð til samþykktar og í kjölfarið birt á heimasíðu skólans.